

LÖG

um

17

15. júní

breyting á lögum nr. 28, 8. nóv. 1883, um að stofna slökkvilið á Ísafirði.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmaeri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Í stað 2. málsg. 2. gr. laganna komi:

Þegar eldsvoði kemur upp, eru allir verkfærir karlmenn í bænum skyldir til að koma til brunans. Þeim er skylt að hlýða fyrirskipunum yfirmannsins yfir slökkviliðinu, eða aðstoðarmanna hans, um alt, er að því lýtur að bjarga úr eldinum, slökkva hann eða varna útbreiðslu hans.

Bæjarstjórnin semur reglugjörð um skipun slökkviliðs og um brunamál, er stjórnarráðið staðfestir, og má ákveða sektir, alt að 50 kr., fyrir brot gegn ákvaðum reglugjörðarinnar. Sektir renna í bæjarsjóð Ísafjarðar.

2. gr.

Á eftir 2. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Með mál út af brotum gegn reglugjörð þeirri, er um er getið í 2. gr., skal farið sem opinber lögreglumál.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið í Reykjavík, 15. júní 1926.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Magnús Guðmundsson.